



Vinnufundur - 16.12.2014

Staður, dags og tími: Hangouts @ 16.12.2014 - 18:00

Mætt:

Guðbergur Reynisson (GR), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Þórður Bragason (PB), Ragnar Róbertsson (RR), Tryggvi M Þórðarson (TMP), Gunnar Bjarnason (GB), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

ÞA ritaði fundargerð.

Ekki mætt:

Ari Jóhannsson (AJ), Einar Gunnlaugsson (EG)

1. Ársþing 2015 / Sameining í eitt samband #410

Haldið 7. mars.

Vinna þarf að sameiningu með laganefnd ÍSÍ þannig að sameiningin gangi svo sem hugað hefur verið.

Huga þarf að hvaða stjórnarmenn voru kjörnir til eins árs og ganga frá auglýsingu um framboð.

Fimm málum var vísað til afgreiðslu á ársþingi sem þarf að ganga frá.

Setja þarf fram tillögur að verðskrá.

Koma þarf inn texta sem heimilar að aðildarfélög AKÍS þurfi ekki að vera íþróttafélög.

2. FIA #433

Staðfest er að AKÍS fékk ekki styrk frá FIA fyrir næsta úthlutunartímabil.

Póstur kom frá FIA vegna þessa sem ÞA svarar.

Sótt verður aftur um styrk að því tímabili loknu.

„Registration of officials“ - GR sendir fyrirspurn á FIA um notkun.

3. Reglur í öllum greinum #404

Rallyreglur – Rallyráð gerir ráð fyrir að hafa þær tilbúnar fyrir 14. febrúar.

Spurnureglur – Ákvörðun vegna DOT merktra dekkja í sandspyrnu vantar. JBJ fylgir þessu eftir.

4. Umferðarráð #434

GR búinn að sitja tvo fundi. Hann fékk heimild stjórnar til að TMP mætti sækja fundi fyrir sig,

5. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 6. janúar – og vinnufundur 20. janúar.

Fundi lokið kl 19:01

Þrándur Arnþórsson